

Mánudaginn 13. október 1997.

Nr. 416/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gægn

Pétri Bruno Scheving Thorsteinssyni

(Magnús M. Norðdahl hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur yrði kveðinn upp í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til föstudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 8. október 1997. Krefst hann þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur, þó þannig, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 26. nóvember nk. kl. 16.00.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur, enda þykja ekki efni til að verða við kröfu sóknaraðila um lengra gæsluvarðhald í ljósi þess tíma, sem það hefur þegar staðið, og dráttar á útgáfu ákæru í málinu, sem ekki hefur verið skýrður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 8. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103.

gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Péttri Bruno Scheving Thorsteinssyni, kt. 300972-5279, Fells múla 22, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 26. nóvember nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Upphaf máls þessa má rekja til rannsóknar fíkniefnadeildar lögreglunnar á innflutningi 783 e-taflna með pósti.

Ákærði hefur neitað að eiga nokkra aðild að fíkniefnainnflutningi þessum eða fjármögnun hans, en eins og fram kom í forsendum úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 29. ágúst sl., um gæsluvarðhald yfir ákærða á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og staðfestur með dómi Hæstaréttar 2. september 1997, var talinn sterkur grunur leika á, að ákærði ætti aðild að skipulagningu fíkniefnainnflutnings þessa. Ákæra í máli þessu nr. S-721/1997: Ákæruvaldið gegn Sigurði Þórðarsyni, Péttri Ásgeirssyni, Péttri Bruno Scheving Thorsteinssyni og Gunnari Ólafssyni, var birt ákærða í þinghaldi í dag, og er ákærða þar gefinn að sök verknaður, sem telst varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með skírskotun til framangreinds og vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður að fallast á þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til föstudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Pétur Bruno Scheving Thorsteinsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til föstudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.